

139

23. des.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó varðveita fé þetta í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar. Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til hverskonar menningarstarfsemi í Sandvíkurhreppi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

140

28. des.

AUGLÝSING

um að falla frá innheimtu á vörutolli af salti og um endurgreiðslu vörutolls af kolum fiskveiðagufuskipa.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 95 11. júní 1938, til þess

- a. að falla frá innheimtu á vörutolli af salti á árinu 1939,
- b. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á árinu 1939.

Skilríki, sem þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan, eru þau, sem auglýst eru í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 27. okt. 1938, birtri í 66. tölublaði Lögbirtingablaðs 28. okt. 1938.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofanefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur skal á árinu 1939 samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12%.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

141

30. des.

SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu frá 3. ágúst 1934.

1. gr. fiskveiðasamþykktarinnar orðist þannig:

Vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og eru að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskróður, fyrr en svo sem segir hér á eftir:

1. janúar til 15. febrúar	kl. 1	141
16. febrúar til 15. marz	— 24	30. des.
16. marz til 31. marz	— 23	
1. apríl til 15. apríl	— 22	
16. apríl til 30. apríl	— 21	
1. maí til 15. maí	— 20	

Bátar, sem róa á sömu slóðir og samtímis Sandgerðingum, mega fara í róður frá Akranesi eftir eigin vild.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 15. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1938.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR

142

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða 1937.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. jan. 1937		kr. 2431.96
2. Gestafé og gjafir	kr. 1055.00	
3. Tillög vitavarða	— 626.22	
4. Tillag rikissjóðs	— 400.00	
5. Vextir	— 1295.77	
6. Útdregin verðbréf	— 1000.00	
		<u>— 4376.99</u>
		Kr. 6808.95

Gjöld:

1. Greiddur styrkur		kr. 1135.00
2. Í sjóði við uppgjör		— 5673.95
		<u>Kr. 6808.95</u>

Eignir 31. des. 1937:

6½% skuldabréf bæjarsjóðs 1923	kr. 500.00	
6% — — — 1925	— 1000.00	
6% — — — 1931	— 2000.00	
4. fl. bankavaxtabréf Landsb.	— 2000.00	
8. — — —	— 1000.00	
9. — — —	— 1000.00	
10. — — —	— 11200.00	
Verðbréf Mjólkurfél. Reykjavíkur	— 3000.00	
Hlutabréf Eimskipafél. Íslands	— 25.00	
		kr. 21725.00
Í sparisjóði		— 5673.95
		<u>Kr. 27398.95</u>

Vitamálastjórinn, Reykjavík 17. marz 1938.

Emil Jónsson.